



## Fundur háskólaráðs 5. desember 2002

### Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041  
Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 29.11.2002  
Dags: 05.12.2002

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4302/4303/4041  
Fax: 525 4038

19/2002

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 5. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Þórður Harðarson, Hörður Sigurgestsson, María Guðmundsdóttir, Hjalti Hugason, Jóhannes R. Sveinsson, Davíð Gunnarsson og Anna Soffía Hauksdóttir.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram skýrslan "Quality Assurance in the Nordic Higher Education," útg. European Network for Quality Assurance in Higher Education, Helsinki 2001.
- 1.2 Lagt fram minnisblað um fund með embættismönnum menntamálaráðuneytis 6. nóvember sl. um eftirlit með gæðum háskólastarfsemi.  
- Rektor gerði grein fyrir málinu.
- 1.3 Lagt fram minnisblað rannsóknasviðs um rannsóknir við Háskóla Íslands, árangur eftir deildum.  
- Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, kom á fundinn og gerði grein fyrir minnisblaðinu. Rannsóknasvið mun vinna frekari greiningu á rannsóknavirkni háskólanna.
- 1.4 Skípan nefndar rektors um endurmenntun á vegum Háskólans.  
Í nefndinni eru: Anna Agnarsdóttir, prófessor, heimspekideild (varaformaður)  
Eiríkur Tómasson, prófessor, lagadeild (formaður)  
Ásta Thoroddsen, dósent, hjúkrunarfræðideild  
Gylfi Magnússon, dósent, viðskipta- og hagfræðideild  
Páll Jensson, prófessor, verkfræðideild  
Oddný Sverrisdóttir, dósent, úr stjórn Endurmenntunarstofnunar.  
Með nefndinni starfa Kristín Jónsdóttir, forstöðumaður Endurmenntunarstofnunar og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans.
- 1.5 Lagður fram rökstuðningur um fámennar greinar í heimspekideild frá Önnu Agnarsdóttur, forseta heimspekideildar, dags. í nóvember 2002.
- 1.6 Lögð fram drög, dags. 2. desember 2002, að yfirliti funda og viðburða á vormisseri 2003.
- 1.7 Ákvörðun kjaranefndar, dags. 3. desember 2002, um aukastörf prófessora í viðskipta- og hagfræðideild við Háskóla Íslands við MBA nám.
- 1.8 Bréf rektors til sendiherra Japans á Íslandi, vegna opinberrar heimsóknar rektors til Japans í október 2002.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram drög að bréfi til nefndasviðs Alþingis ásamt umsögn Háskóla Íslands um þrjú frumvörp til laga:
  - 1) um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 357. mál, þskj. 394,
  - 2) um Vísinda- og tækniráð, 336. mál, þskj. 366

3) um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 345. mál, þskj. 381Með umsögninni fylgja tillögur Háskóla Íslands um breytingar á frumvörpunum. Einnig eru lögð fram frumvörpin og bréf rektors til nefndasviðs Alþingis, dags. 5. apríl 2002, ásamt breytingartillögum Háskóla Íslands sem sendar voru með því bréfi.

- Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, formaður vísindanefndar háskólaráðs, og gerði grein fyrir málinu og framlögðum gögnum. Frumvörpin og drög að umsögn Háskóla Íslands voru rædd ítarlega.

2.2 Lögð fram drög, dags. 29. nóvember 2002, að umsögn formanna fjármálanefndar, kennslumálanefndar og vísindanefndar um tillögu að stofnun ráðgjafamiðstöðvar í tölfraði og aðferðafræði.

- Samþykkt einróma að vísa málinu aftur til heilbrigðisvísindadeildanna og vekja athygli þeirra á umsögn formannanefndarinnar.

2.3 Lögð fram drög, dags. 3. desember 2002, að erindisbréfi nefndar um markaðs- og kynningarmál Háskóla Íslands. Nefndin verði skipuð til þriggja ára.

Nefndin verði skipuð: Önnu Soffíu Hauksdóttur, prófessor, verkfræðideild

Ástráði Eysteinessyni, prófessor, heimspekideild

Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, lektor, félagsvísindadeild

Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur, dósent, hjúkrunarfræðideild

Þórhalli Erni Guðlaugssyni, lektor, viðskipta- og hagfræðideild

Davíð Gunnarssyni, fulltrúa Stúdentaráðs

Með nefndinni starfa Guðrún Bachmann, kynningarstjóri Háskólans og Ásta Hrönn Maack, sjóðastjóri Háskólans

- Erindisbréfið og skipun nefndarinnar samþykkt einróma.

2.4 Kjör Guðrúnar Jóhönnu Guðmundsdóttur, starfsmannastjóra, í samráðsnefnd um kjaramál. Guðrún kemur í stað Tryggva Þórhallssonar.

- Samþykkt einróma.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Um forsendur skiptingar fjárveitinga til Háskólans. Framhald umræðu.

Í upphafi umræðunnar greindi rektor frá fundum sínum með menntamálaráðherra og fjárlaganefnd Alþingis um sjónarmið Háskólans við væntanlega endurnýjun samnings um fjármögnun kennslu. Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði nefndarinnar um útteilingu fjár til kennslu á árinu 2003 þar sem tillögur nefndarinnar eru rökstuddar í fimm tölulíðum:

1) Almennt verði núverandi deililíkan með nokkrum breytingum notað til þess að deila út fjárveitingu til kennslu á árinu 2003.

2) Mismunur á milli reikniflokka verði ekki minnkaður.

3) Flokkun einstakra kennslugreina verði ekki breytt.

4) 30 m.kr. verði settar til hliðar fyrir útteilingu og deilt út til deilda/skora sem eiga í samkeppni við skóla á háskólastigi sem krefjast skólagjalda.

5) Fjárveiting sem deilt verður út verði byggð á 4670 nemendaígildum.

Þá telur nefndin að fáist ekki nauðsynleg hækkun á hámarki nemendaígilda í nýjum kennslusamningi sem gilda á fyrir árin 2003-2005 sé ljóst að Háskóli Íslands verði að grípa til fjöldatakmarkana í öllum deildum, og að háskólaráð endurskoði fyrri ákvarðanir um fjöldatakmarkanir í heilbrigðisvísindagreinum á þessu háskólaári.

Málið var rætt ítarlega. Í lok umræðunnar bar rektor upp tillögu um að fjármálanefnd verði falið að vinna áfram í anda tillagna sinna.

- Samþykkt einróma.

3.2 Tillaga akademískrar stjórnslu og rektorsskrifstofu að verklagi við meðferð umsókna

um störf þar sem hæfnisdóms er krafist, sbr. síðasta fund.

- Tillagan var rædd og samþykkt einróma.

3.3 Tillaga að reglum heimspekideildar um framhaldsnám, samþykkt á deildar-fundum heimspekideildar 27. september og 8. nóvember sl., sbr. síðasta fund.

Minnisblað um málið lá fyrir fundinum.

- Tillagan samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.45